

Upplýsingabréf byggt á upplýsingum frá MMS

Kæru nemendur,

Í mars verða stöðu- og framvindupróf Matsferils, í stærðfræði og lesskilningi lögð fyrir. Tilgangur prófanna er að afla og veita ykkur upplýsingar um stöðu ykkar í þessum greinum. Upplýsingarnar nýtast einnig kennurunum til að aðlaga kennslu sína að þörfum nemenda sinna og bregðast rétt við, til dæmis þegar nemendur þurfa meiri aðstoð eða áskoranir í námi. Þess vegna er það mjög mikilvægt að þið leggið ykkur fram og gerið ykkar allra besta.

Prófin verða opin í fjórar vikur og skipuleggur skólinn, í samráði við kennara, hvenær nemendur taka prófin. Prófin eru lögð fyrir rafrænt og þau krefjast ekki sérstaks undirbúnings. Það er því ekkert stress og munið bara að gera ykkar besta.

Tilgangur stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemanda og framvindu í námi, hvar áskoranir og styrkleikar liggja svo hægt sé að mæta námslegum þörfum nemenda á árangursríkari hátt.

Stöðu- og framvinduprófin eru stöðluð en það þýðir að form, efnisinnihald, matsreglur og reglur um fyrirlögn prófanna eru fyrirfram ákveðin. Þar sem hverju prófi fylgja aldursbundin viðmið um frammistöðu er mögulegt að bera niðurstöður hvers nemanda, bekkjar eða skóla saman við landsmeðaltal.

Fyrirlagnartímabil prófanna er marsmánuður. Þessi sveigjanleiki gerir skólum kleift að aðlaga notkun prófanna að eigin kennsluskipulagi. Fyrirlögn stöðu- og framvinduprófa í lesskilningi og stærðfræði er skylda í 4., 6. og 9. bekk. Í Skagafirði var niðurstaða stjórnenda að leggja þau fyrir alla árganga. Með því að leggja prófin árlega fyrir fást góðar upplýsingar um framvindu nemenda.

Mikilvægt er að nota niðurstöður prófa til skipulagningar kennslu í samræmi við stöðu nemenda, við mat á árangri kennslunnar við lok lotu, annar eða skólaárs. Upplýsingarnar úr prófunum eru mikilvægar fyrir

stefnumótun skóla, til forgangsröðunar og þegar ákvarða þarf áherslur í starfspróun kennara svo dæmi séu tekin. Niðurstöður verða einnig notaðar til að fylgjast með gæðum skólastarfs og þróun og breytingum innan menntakerfisins.

Hér má finna almennar og nánari upplýsingar um stöðu- og framvinduprófin og á slóð **Miðstöð menntunar og skólaþjónustu**, er að finna nánar upplýsingar um prófin og hægt er að skoða sýniprof á slóðinni: synisprof.mms.is

Gert er ráð fyrir að allir nemendur sem fylgja árgangi í námi taki prófin. Skólastjóri getur sótt um undanþágu fyrir nemendur sem hafa ekki ávinning af því að taka prófin en það er alltaf gert í samráði við forsjáraðila.

Áætlun um fyrirlögn er sem hér segir:

Könnunarpróf	Dagsetning-stærðfræði	Dagsetning-lesskilningur
4.-5.b	12.mars kl. 9:15	9.mars kl. 12:00
6.b	16. mars 9:15	13. mars kl. 9:15
7.b	18. mars 9:15	11. mars kl. 9:55
8.b	19. mars 9:15	16.mars kl. 12.00
9.b.	23. mars kl. 9.15	20. mars kl. 9.15
10.b.	18. mars kl. 12.00	17. mars kl. 12.00